

Mánudaginn 19. október 1953.

Nr. 88/1953. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Karli Johan Siska Danielsen

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á staðar-ákvörðunum yfirmanna varðskipsins og m. a. markað á sjó-uppdrátt stað duflsins, er varðskipið setti út hjá línuveiðaskipi ákærða, og telur skólastjórinn stað þennan hafa verið 3,3 til 3,7 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber og að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Karl Johan Siska Danielsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 13. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómará, og meðdómendum Jónasi Jónassyni og Péttri Björnsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1751/1953: Ákærvaldið gegn Karl Johan Siska Danielsen, sem dómtekið var nú samdægurs.

Málið er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn Karl Johan Siska Danielsen skipstjóra, til heimilis í Saltangará í Færeyjum. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dagsettu í dag, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot á nefndum línuveiðara samkvæmt 1. gr. laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 31 1948 um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að fiskveiðum með línu þriðjudaginn 12. þ. m. laust fyrir hádegi fyrir miðjum Faxaflóa, ca. 3.5 sjómilur innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lög nr. 81 8. des. 1952.

Ákæríst því nefndur skipstjóri til að sæta refsingu samkvæmt 1. gr. nefndra laga nr. 31/1948, sbr. lög nr. 4 1924, upptöku afla og veiðarfæra nefnds línuveiðara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 26. nóvember 1905 í Færeyjum. Hefur hann, svo kunnugt sé, ekki fyrr sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Í gær var varðskipið „Ægir“ á eftirlitsferð í Faxaflóa. Kl. 11.54 stöðvaði varðskipið hjá línuveiðaranum „Galatea“, F.D. 32, frá Saltangará í Færeyjum, sem, að áliti varðskipsforingja, var augsýnilega fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Á þilfari línuveiðarans voru menn að draga fiskilínu. Dufl, merkt F.D. 32, sást þarna rétt hjá. Varðskipsmenn létu kl. 12.00 út dufl rétt við dufl „Galatea“. Síðan var sóttur skipstjóri „Galatea“, sem reyndist ákærði í máli þessu. Honum var tilkynnt, að hann væri með veiðarfæri sín innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði kvaðst hafa álitið skip sitt fyrir utan þau eftir siglingu sinni frá Akranesi að dæma, en þaðan hafði hann komið á miðin. Það væri því óviljaverk, ef hann hefði lagt línu sína fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Ákærði átti eftir að draga um 20 stampa af fiskilínunni, sem lá misvísandi N.t.A. frá dufla varðskipsins. Ákærða var nú sagt að halda áfram að draga inn línuna. Síðan var hann fluttur aftur um borð í skip sitt ásamt varðmanni frá varðskipinu. Varðskipið hélt sig við dufl sitt. Varðskipsforingjarnir gerðu nú staðarákvarðanir. Segir um þær á þessa leið í skýrslu varðskipsforingjans, Þórarins Björnssonar:

„Kl. 14.10 miðaðist „Galatea“ í réttv. 23° frá dufla vaðskipsins í 1.3 sjóm. fjarlægð eftir radarmiðun varðskipsins. Um kl. 15.00 hafði „Galatea“ lokið við að draga línuna, en kl. 14.55 hafði það miðast í réttv. 16° frá duflinu, fjarlægð 1.8 sjóm.

Frá kl. 14.50 til kl. 16.30 voru gerðar eftirfarandi staðarákvarðanir með radiomiðunum við dufl varðskipsins:

Radiovitinn Suðurnes	104° réttv.
Radiovitinn Keflavík	128° réttv.
Radiovitinn Hvalsnes	133° réttv.
Radiovitinn Malarrif	344° réttv.,

auk þess miðaði radiomiðunarstöðin á Akranesi varðskipið við duflíð í 271° réttv.

Dýpi mældist 117 metrar. Gefur þetta stað duflsins um 3.5 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Það skal tekið fram, að radiomiðanir þessar voru allar gerðar margsinnis og endurprófaðar.“

Er staðarákvarðanir þessar höfðu verið gerðar, var ákærði sóttur um borð í skip sitt og honum bent á, hvar hann hefði verið. Ekki mótmælti hann staðarákvörðuninni. Fyrir dómi skýrði ákærði frá á þessa leið: Hann hafði um kl. 16.00 mánudaginn 11. maí s. l. siglt skipi sínu frá Akranesi og ætlað út á mið til línuveiða. Hann sigldi 38 sjómilur út frá Akranesdufli, að því er honum reiknaðist til í misvisandi V.a.N. ½ N. Á þessar slóðir kom hann um kl. 23.00—24.00. Áður en hann byrjaði að leggja línu sína, hafði hann samband við önnur færeysk fiskiskip, sem sögðust vita, hvar fiskveiðitakmörkin væru. Að fengnum upplýsingum um þetta, mældi ákærði 16½ sjómílu út eftir 64 breiddargráðu, þar sem hann þóttist vita, að fiskveiðilínan skæri breiddargráðuna, og auk þessi mældi hann 4 sjómilur út frá tanga, sem hann sagði næstan fyrir vestan Malarrif á Snæfellsnesi (Gáluvíkurtangi?). Þar eð hann hafði siglt 38 sjómilur út frá Akranesdufli í þá átt, sem fyrr segir, taldist honum til eftir þeim útreikningi, sem að framan getur, að hann væri kominn um 2 sjómilur út fyrir fiskveiðilínuna. Auk þess lóðaði hann dýpið með handlóði og fékk 72 faðma. Ákærði hafði ekki dýptarmæli. Hann hafði ekki sjókort af Faxaflóa með hinni nýju fiskveiðilínu.

Ákærði kom hér á miðin við Ísland 26. apríl s. l. og hafði fengið litinn afla, er hann var tekinn. „Galatea“ er um 40 tonn nettó að stærð. Áhöfnin er 15 manns. Samkvæmt mælingu dómsins, byggðum á þeim framburði ákærða, að hann hefði siglt 38 sjómilur út frá Akranesdufli, hefði hann ekki átt að ná lengra út en rétt á fiskveiðitakmörkin, en hefði þá átt að vera um 8—9 sjómílum sunnar en hann var tekinn. Hins vegar lætur það nærri, að 38 sjómilur séu frá Akranesdufli á þær slóðir, sem ákærði var tekinn.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann var að línuveiðum, er hann var tekinn. Hann hefur ekki treystzt til að mótmæla staðarákvörðunum varðskipsmanna. Samkvæmt þessu telst sannað, að ákærði hafi umrætt skipti verið með skip sitt „Galatea“ að línuveiðum um 3,5 sjómilur innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessu hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og 1. gr. laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1948 um breyting á lögum nr. 33/1922, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr.

lög nr. 81/1952 um breyting á lögum nr. 44/1948, sbr. ennfremur lög nr. 4 frá 1924 um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og því að gullgildi íslenzkrar krónu er í dag það, að 738.95 pappírskrónur jafngilda 100 gullkrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 7 400.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1948 ber að gera veiðarfæri og allan afla „Galatea“ upptækan til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Johan Siska Danielsen, greiði kr. 7 400.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Veiðarfæri öll og afli „Galatea“ skal upptækur gerður til ríkissjóðs. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., að upphæð kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. október 1953.

Nr. 71/1953. **Ákærvaldið** (Jón Ólafsson)

gegn

Geir Guttormi Pálssyni Þormar

(Einar B. Guðmundsson)

og

Geir Borgþór Halldórssyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Brot gegn lögum nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi. Varðar brot ákærða Geirs Guttorms Pálssonar Þormars við 2. mgr. 36. gr. laga